

REGLUGERÐ**114**

30. nóv.

um

viðauka við reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í
Reykjavíkurborg frá 20. apríl 1915.

Aftan við 2. grein reglugerðarinnar komi ný grein svo hljóðandi:

Vatnsskatturinn skal á árunum 1932 til 1935 að þeim báðum meðtöldum
vera 25% hærri, en annars er ákveðið í þessari grein.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samþykkt, staðfest-
ist hérmeð samkvæmt lögum um vatnsveitu fyrir Reykjavík frá 22. nóvember
1907 til þess að öðlast gildi 1. janúar 1932 og birtist til eftirbreytni öllum þeim
sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. nóvember 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT**115**

30. nóv.

um

viðauka við samþykkt um lokunartíma sölubúða í
Hafnarfjarðarkaupstað frá 22. júní 1927.

Aftan við 2. gr. samþykktarinnar komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Mjólkur og brauðsölubúðum skal lokað kl. 7 e. h. á virkum dögum og
kl. 4 e. h. á sunnudögum og næsta dag á undan stórhátíðum.

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar,
staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, sbr. lög nr. 12,
7. maí 1928, til að öðlast gildi 1. desember 1931 og birtist til eftirbreytni öllum
þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. nóvember 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.